

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2005

frá 29. apríl 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 frá 15. október 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fódri aukefnið Cycostat 66G sem er í flokknum hnísla lyf og önnur lyf ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1464/2004) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zzd. **32004 R 1800**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 frá 15. október 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fódri aukefnið Cycostat 66G sem er í flokknum hnísla lyf og önnur lyf (Stjtíð. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1800/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. apríl 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 15 og EES-viðbæti við Stjtíð. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.